

Fundargerð

17. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í fundarsal ÍSÍ Laugardal þriðjudaginn 26. mars 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ og Íris Berg Bryde verkefnastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð síðasta fundar ekki komin fram.

2. Stefnumótunarfundur stjórnar FRÍ

Framkvæmdastjóri sagði frá afurðum af stefnumótunarfundi stjórnar FRÍ, hvernig málefnið hefðu verið flokkuð. Umræður um framgang einstakra verkefna. Formanni falið að fylgja eftir með framkvæmdastjóra að verkefnið séu unnin. Ákveðið að nota Asana til reynslu sem verkefnisstjórnunarkerfi.

3. Afreksmál FRÍ

Afreksstjóri ræddi afreksstefnuna og reglur. Rætt um að setja saman vinnuhóp. Afreksstjóra og formanni falið að tilnefna og velja aðila í undirbúnings- og vinnuhóp sem starfar til hliðar við afreksstjóra og rýnir tillögur, skapar umræður.

4. Reglugerð um sérmót

Umræður um drög að reglugerð. Ákveðið að senda út til umsagnar hjá aðildarfélögum sbr. drög að starfsreglum stjórnar um reglugerðarbeytingar.

5. Keppnisréttur á frjálsíþróttamótum (götuhlaupum) og viðurkenning Íslandsmeta

Áframhaldandi umræður síðastliðina ára. Rætt um EES samning. Rætt um vinnu starfshóps um hlaupahald og þátttöku. Hópurinn mun skila áfangaskýrslu hið fyrsta.

6. Formannafundur

Minnt á miðvikudaginn 10. apríl. Fundurinn er opinn og stendur frá kl. 19.30 – 21.00. Þátttökutilkynningar dræmar, þrátt fyrir spennandi dagskrá. Ákveðið að senda ítrekun.

7. Fjármál – Ársreikningur 2018

Gjaldkeri gerði grein fyrir drögum að ársreikning 2018, umræða. Mikilvægt er að reikningurinn liggja fyrir á næsta fundi 09.04.19 m.t.t. formannafundar 10.04.19.

6. Önnur mál

- a. Sérstakar viðurkenningar fyrir Íslandsmet. Umræður. Vísað til afreksstjóra.
- b. Þjóðarleikvangur í Laugardal. Rætt um störf mannvirkjanefndar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:40 með því að Guðmundur framkvæmdastjóri flutti finnskan keðjusöng sem hann hafði nýlega lært.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.